

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir skjólbeltasjóð Kristjáns Jónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf Kristjáns Jónssonar á Hóli, Staðarbyggð, til eflingar skjólbeltaræktun í hreppnum, og heitir: *Skjólbeltasjóður Kristjáns Jónssonar*.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru þeir fjármunir, sem Kristján Jónsson lætur eftir sig og hefir ánaðnað Öngulsstaðahreppi samkvæmt erfðaskrá, dagsettri 25. apríl 1984, þ.e. jörðin Hóll, Öngulsstaðahreppi, virt á kr. 870 000 í fasteignamati í desember 1988, og inneign í bönkum kr. 1 689 358 þ. 31. desember 1988, eða eignir alls kr. 2 559 358.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða að raunvirði og ber að ávaxta hann með sem tryggilegustum og hagkvæmustum hætti. Skulu árlega lagðir við hann fimm hundraðshlutar raunvaxta hið minnsta.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól og aðrir þeir fjármunir, sem sjóðnum kunna að berast, svo sem gjafafé.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að efla skjólbeltaræktun í Öngulsstaðahreppi með fjárframlagi til einstaklinga og félagasamtaka, eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, tveimur úr hreppsnefnd eða kosnum af hreppsnefnd. Þriðji maður skal tilnefndur af Skógræktarfélagi Eyfirðinga og sé hann annað hvort formaður þess eða framkvæmdastjóri. Skulu varamenn skipaðir af sömu aðilum.

7. gr.

Sjóðurinn er í vörslu hreppsnefndar Öngulsstaðahrepps. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans lagðir fram með hreppsreikningum ár hvert.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

14. mars 1989.

Stjórn Skjólbeltasjóðs Kristjáns Jónssonar.

Benjamín Baldursson.

Birgir Þórðarson.

Tómas I. Olrich.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. júlí 1989.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.